

Umsögn íbúaráðs Vesturbæjar um hugmyndir Strætó bs. um nýtt leiðakerfi var lögð fram og samþykkt á fundi ráðsins 22. janúar 2020 sbr. 4. lið fundargerðar:

Mikil uppbygging er áætluð á svæðinu við Granda. Fyrirhugað er að reisa 176 íbúðir í Vesturbugt auk þess sem tæplega 13 þúsund fermetrar eru áætlaðir fyrir atvinnustarfsemi, verslanir, veitinga- og kaffihús, á jarðhæð bygginganna. Á Héðinsreit stendur til að reisa allt að 330 íbúðir og 230 hótélíbúðir auk þess sem gert er ráð fyrir að byggt verði allt að 4.200 fermetra húsnæði á svonefndum Alliancesreit ofan Örfiriseyjar. Samhliða þessari uppbyggingu má gera ráð fyrir mikilli fjölgun íbúa á svæðinu. Íbúaráð Vesturbæjar fer fram á að tekið verði tillit til þessara gríðarlegu uppbyggingaráforma og þau höfð til hliðsjónar við mótun leiðakerfis strætó í hverfinu. Einnig er hvatt til þess að það verði reist borgarlínu stöð í nágrenni við JL húsið eða við Granda til þess að þjónusta íbúaukninguna í nágrenninu.